



Alþingi
Erindi nr. P 135/668
komudagur 3.12.2007

30. nóvember 2007
SI-36606

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með bréfi dags. 19. nóvember 2007 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir álit Seðlabanka Íslands á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, 42. mál, íþróttastyrkir og heilsuvernd.


Með frumvarpinu yrðu íþróttastyrkir, sem starfsmaður fær, frádráttarbærir frá skatttekjum hans, og íþrótt- og heilbrigðisútgjöld vegna starfsmanna yrðu frádráttarbær frá tekjum atvinnurekanda.

Tillagan er í grundvallaratriðum um aðgerðir í heilbrigðismálum og sem slík er ekki á verksviði Seðlabankans. Í annan stað fjallar hún hins vegar um eftirgjöf á ríkistekjum. Í þriðja lagi væri samþykkt hennar ávísun á auknar flækjur og eftirlit í skattakerfmu. Vegna tekjutaps ríkissjóðs er afar æskilegt að slíkri tillögu fylgi áætlun um fjárhagsleg áhrif af samþykkt hennar. Enn erfiðara yrði að greina ábata, sem er þó jafnmikilvægt.

Seðlabankinn tekur ekki afstöðu til heilbrigðisþáttar tillögunnar, enda samrýmist það ekki hlutverki hans. Bankinn varar hins vegar almennt við því að tillögur með óljós áhrif á fjárhag ríkissjóðs fái framgang nema eftir greiningu á kostnaði og gagnsemi, eftir því sem færi eru á. Ennfremur bendir bankinn á þá kosti sem fylgja einföldu skattakerfi.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Eiríkur Guðnason
bankastjóri


Ingimundur Friðriksson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605